

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 27. febrúar 2023
Málsnúmer: 202301-0115
IAS

Efni: Umsögn um matsáætlun Qair á framleiðslu vetnis á Grundartanga

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 24. janúar 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun Qair vegna áforma um framleiðslu á vistvænum orkugjöfum á Grundartanga. Framkvæmdin felst í framleiðslu á vetni með rafgreiningu og eftir atvikum áframvinnslu á ammoníaki, metanóli eða metan. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir framleiðsluferlunum. Framleiðslan verður byggð upp í þremur áföngum sem hver um sig mun þurfa 280 MW af raforku eða samtals 840 MW. Qair vinnur að öflun orku, m.a. með vindorkugörðum og er orkuöflun einn af lykilþáttum í því hvernig verkefnið þróast.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og vill koma eftirfarandi á framfæri:

Verksmiðjulóðin nær aðeins inn á svæði á tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands að B-hluta náttúruminjaskrár sem mikilvægt fuglasvæði og inn á svæði nr. 235 á náttúruminjaskrá: „Hvalfjarðarströnd. (1) Strandlengjan frá Miðsandi út að Katanesi. Til austurs markast svæðið af athafnasvæði oliustöðvar og til vesturs af athafnasvæði járnblendiverksmiðju. (2) Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi.“

Tiltölulega lítið rask verður vegna verksmiðjunnar en helstu umhverfisáhrif verða vegna orkuöflunar fyrir verksmiðjuna, sem ekki er hluti af þessari matsáætlun, og vegna mögulegra úrgangsefna frá verksmiðjunni. Hluti af þeim fer út í náttúruna hvort sem er, þ.e. þau efni sem verða hreinsuð úr grunnvatni eða úr útblæstri frá iðnaði, en mikilvægt er að rannsaka hvort þau geti haft staðbundin áhrif á lífríki ef þau verða losuð aftur út í náttúruna eftir hreinsun.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum mats á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

